**Námsáætlun fyrir stærðfræði - 3. bekkur**
**Skólaárið 2023-2024**

**Kennari:** Arnrún Björk Kristinsdóttir og Hildur Hauksdóttir
**Tímafjöldi:** 6 kennslustundir á viku

| Námsþættir | Hæfniviðmið | Kennsluhættir/leiðir | Námsmat |
|---|---|---|---|
| **Spurt og svarað með stærðfræði** | **Nemandi á að hafa öðlast hæfni í að:**<br>• Tekið þátt í samræðum um spurningar og svör sem eru einkennandi fyrir stærðfræði<br>• Rökrætt af innsæi um stærðfræðiverkefni sem tengjast eigin reynsluheimi, rökstutt niðurstöður sínar, val á lausnaleiðum og fylgt röksemdafærslu annarra<br>• Leyst stærðfræðiþrautir sem gefa tækifæri til að beita innsæi, notað áþreifanlega hluti og eigin skýringamyndir<br>• Sett fram, meðhöndlað og túlkað einföld reiknilíkön, talnalínur, teikningar og myndrit sem tengjast umhverfi hans og daglegu lífi | • Fjölbreytt vinnubrögð<br>• Umræður um stærðfræði og mögulegar lausnaleiðir<br>• Nemendur hvattir til að útskýra eigin skilning fyrir öðrum<br>• Markviss sýnikennsla<br>• Nemendur hvattir til að útskýra lausnir með teikningum og útreikningum | • Reglulegar kannanir úr námsefni. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Að kunna að fara með tungumál og verkfræði stærðfræðinnar** | **Nemandi á að hafa öðlast hæfni í að:**<br>• Notað myndmál, frásögn og texta jafnhliða táknmáli stærðfræðinnar og unnið með innbyrðis tengsl þeirra<br>• Notað hentug verkfæri, þar með talin hlutbundin gögn, reiknirit, talnalínu, vasareikna og tölvur, til rannsókna á stærðfræðilegum viðfangsefnum<br>• Túlkað og notað einföld stærðfræðitákn, þar með talið tölur og aðgerðamerki og tengt þau við daglegt mál<br>• Tekið þátt í samræðum um stærðfræðileg verkefni | • Nemendur hvattir til þess að nýta hjálpargögn við lausn verkefna líkt og talnagrindur, kubba og vasareikna<br>• Nemendur hvattir til að nota teikningar við lausn verkefna<br>• Nemendur vinna einstaklingsverkefni og önnur verkefni í hópavinnu | • Reglulegar kannanir úr námsefni. |
| **Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar** | **Nemandi á að hafa öðlast hæfni í að:**<br>• Taka þátt í að þróa fjölbreyttar lausnaleiðir, með því m.a. að nota hlutbundin gögn og teikningar<br>• Undirbúa og flytja stuttar kynningar á eigin vinnu með stærðfræði | • Innlögn frá kennara<br>• Hlutbundin vinna<br>• Nemendur hvattir til að nota teikningar við skráningu lausna<br>• Nemendur kynnast peningum og vinna margskonar verkefni tengd þeim<br>• Nemendur hvattir til að setja fram tilgátur og giska áður en þeir sannreyna lausnina | • Reglulegar kannanir úr námsefni. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | • Bera skynbragð á hvaða möguleikar og takmörk stærðfræðinnar eru til að lýsa veruleikanum<br>• Kanna og rannsaka með því að setja fram tilgátur og gera tilraunir með áþreifanlegum gögnum<br>• Vinna í samvinnu með öðrum að lausnum stærðfræðiverkefna, þar sem byggt er á hugmyndum nemenda<br>• Lesa og ræða um einfaldar upplýsingar, þar sem stærðfræðihugtök eru notuð<br>• Nota stærðfræði til að finna lausnir á verkefnum sem takast þarf á við í daglegu lífi og gerir sér grein fyrir verðgildi peninga | | |
| **Tölur og reikningur** | **Nemandi á að hafa öðlast hæfni í að:**<br>• Nota náttúrulegar tölur, raðað þeim og borið saman<br>• Tekið þátt í að þróa hentugar aðferðir sem byggja á eigin skilningi við að reikna samlagningar-, | • Nemendur vinna fjölbreytt verkefni tengt tölum<br>• Nemendur tengja viðfangsefni við daglegt líf sitt<br>• Spil, leikir og þrautir eru notuð sem kennslutæki<br>• Nemendur vinna með talnarunur<br>• Einstaklingsvinna | • Reglulegar kannanir úr námsefni. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | frádráttar-, margföldunar- og deilingardæmi<br>• Notað tugakerfisritrhátt<br>• Leyst viðfangsefni sem sprottin eru úr daglegu lífi og umhverfi, með hugarreikningi, vasareikni, tölvuforritum og skriflegum útreikningum<br>• Reiknað með náttúrulegum tölum á hlutbundinn og óhlutbundinn hátt<br>• Gefið dæmi um og sýnt hvernig einföld brot og hlutföll eru notuð í daglegu lífi | • Hópavinna | |
| **Algebra** | **Nemandi á að hafa öðlast hæfni í að:**<br>• Kannað, búið til og tjáð sig um reglur í talnamynstrum og öðrum mynstrum á fjölbreyttan hátt og spáð fyrir um framhald mynsturs, t.d. með því að nota líkön og hluti<br>• Notað táknmál stærðfræðinnar til að meta sanngildi og tjá vensl eins og jöfnuð og röð | • Fjölbreytt verkefni úr námsbókum og öðrum verkefnum sem kennari telur viðeigandi<br>• Nemendur þjálfast í að nota myndrit og talnarunur<br>• Sýnikennsla | • Reglulegar kannanir úr námsefni. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | • Fundið lausnir á jöfnum með óformlegum aðferðum og rökstutt lausnir sínar t.d. með því að nota áþreifanlega hluti | | |
| **Rúmfræði og mælingar** | **Nemandi á að hafa öðlast hæfni í að:**<br>• Notað hugtök úr rúmfræði s.s. um form, stærðir og staðsetningu til að tala um hluti og fyrirbrigði í daglegu lífi og umhverfi sínu<br>• Áætlað og mælt ólíka mælieiginleika, s.s. lengd, flöt, rými, þyngd, tíma og hitastig með óstöðluðum og stöðluðum mælitækjum og notað viðeigandi mælikvarða<br>• Gert óformlegar rannsóknir á tví- og þrívíðum formum, teiknað skýringarmyndir af þeim og hlutum í umhverfi sínu<br>• Borið saman niðurstöður mismunandi mælinga og túlkað niðurstöður sínar | • Sýnikennsla og umræður<br>• Nemendur fá að mæla hluti úr umhverfi sínu og beita ýmsum aðferðum við úrlausnir<br>• Einstaklingsvinna<br>• Hópavinna | • Reglulegar kannanir úr námsefni. |
| **Tölfræði og líkindi** | **Nemandi á að hafa öðlast hæfni í að:** | • Nemendur vinna með súlurit á fjölbreyttan hátt | • Reglulegar kannanir úr námsefni. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | • Safnað gögnum úr umhverfi sínu og um eigið áhugasvið<br>• Tekið þátt í umræðum um tilviljanir og líkur, s.s. hvað er líklegt að muni gerast og hvað er tilviljunum háð<br>• Talið flokkað og skráð, lesið úr niðurstöðum sínum og sett upp í einföld myndrit<br>• Gert einfaldar tilraunir með líkur og borið skynbragð á áhrif þeirra í spilum<br>• Tekið þátt í umræðum um gagnasöfnun og myndrit, bæði eigin og annarra | • Umræður um tölfræði og tengt við líf nemandans<br>• Nemendur fá að safna gögnum úr umhverfi sínu og vinna myndrit úr niðurstöðum sínum | |
| Námsgögn:<br>Sproti 2b, 3a og 3b, nemendabækur og æfingahefti ásamt ítarefni valið af kennara. Stærðfræðispæjarar. Vefsíðan Multi 2b – 3a – 3b. Námsefni af nams.is tengt stærðfræði, önnur hefti og verkefnablöð valin af kennara. | | | |
| **Lokanámsmat: Fyllt inn á hæfnikort nemenda í janúar og maí.**<br>Að ofan er búið að lista upp þau hæfniviðmið sem verður unnið með þetta skólaár. Nemendur fá endurgjöf frá kennara um framgöngu í námi með fjórum hæfnitáknum og safna þannig á hæfnikort sitt. | | | |